

16 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Háskólasjóð hins íslenska kvenfjelags«, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 7. mars 1916. Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir Háskólasjóð hins íslenska kvenfjelags.

1. gr.

Hið íslenska kvenfjelag gefur hjermeð Háskóla Íslands sjóð, sem nemur 4000 krónum í bankavaxtabrjefum Landsbankans og 143 kr. 64. a. í sparisjóðsbók, samtals 4143 kr. 64 a., með þeim skilmálum, er hjer segir:

2. gr.

Sjóðurinn heitir »Háskólasjóður hins íslenska kvenfjelags«.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þeir menn, er sitja í Háskólaráðinu á hverjum tíma sem er. Stjórnendur skifta með sjer starfinu innbyrðis.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta á jafntryggilegan hátt og fje ómyndugra.

5. gr.

Höfuðstólinn má aldrei skerða, og ennfremur skal leggja helming vaxtanna við höfuðstólinn árlega.

6. gr.

Þeim hluta vaxtanna, sem ekki er lagður við höfuðstólinn, skal varið til að styrkja efnilega kvenstúdentar til náms við Háskóla Íslands. Háskólaráðið ákveður hverjir stúdentar skuli verða styrksins aðnjótandi. Engum stúdent má veita styrk úr sjóðnum, sem ekki hefir notið kenslu við Háskóla Íslands í tvö misseri. Styrkurinn skal veittur einu sinni á ári.

7. gr.

Þegar ársvextir af sjóðnum eru orðnir 1000 krónur, má verja meiru eða

minna af þeim vöxtum, er úthluta má, til að styrkja efnilega kvenkandidata frá **16**
Háskóla Íslands til framhaldsnáms í útlöndum. **7. mars**

Reykjavík, 26. janúar 1916.

Í stjórn Hins íslenska kvenfjelags.

Katrín Magnússon, Theodora Thoroddsen, María Þórðarson,
formaður. ritari. fjehirðir.

Margrjet Magnúsdóttir, Ingibjörg Johnson, Ingibjörg H. Bjarnason, Á. P. Þorkelsson,
Magnea Þorgrímsson, Sigþrúður Kristjánsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Minningarsjóð frú Mariu Öss- **17**
ursdóttir, Flateyri«, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands **7. mars**
7. mars 1916.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir Minningarsjóð frú Mariu Össursdóttur, Flateyri.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður frú Mariu Össursdóttur, Flateyri.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af konum í Önundarfirði með kr. 440,00.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátaeka sjúklinga, sem heimili eiga í Önundarfirði. Skulu þeir, sem eigi standa í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, jafnan vera rjetthærrí sem styrkþegar úr sjóði þessum.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í bankavaxtabrjefum Landsbanka Íslands, eða annari jafntryggri stofnun. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 2000,00, má veita $\frac{3}{4}$ hluta vaxta hans, en $\frac{1}{4}$ vaxtanna leggist við höfuðstólinn. Þegar sjóðurinn er orðinn